



Glefsa

Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV og annað tengt efni – 4. tbl. 2025

Ferðapjónusta og útsvarstekjur sveitarfélaga

Vífill Karlsson

Nýlega var brugðið upp mynd af vægi sjávarútvegs í sveitarfélögum á Vesturlandi til þess að fá einhverja tilfinningu fyrir því hvar tvöföldun veiðigjalds myndi helst koma niður á Vesturlandi. Í framhaldi af þeirri vinnu var ákveðið að skoða hvar vægi ferðapjónustu væri mest og af svipuðu tilefni, því nú er komið í umræðuna að hækka skatta á þá atvinnugrein. Stuðst var við sömu aðferð og fyrir sjávarútveginn og byggt á tölum Hagstofu Íslands. Einblínt var á stöðuna 2024 en lengra tímabil haft til hliðsjónar.

Vesturland

Í ljós kom að Eyja- og Miklaholtshreppur var stærstur að þessu leyti á Vesturlandi en í 7. sæti á landsvísu árið 2024 (Tafla 1). Tölurnar bentu til að 23,5% af útsvarsgrunni sveitarfélagsins byggðu á launum sem greidd voru af ferðapjónustufyrirtækjum. Umtalsverð hækkun hefur orðið þar sem meðaltal áranna var 14,5% 2017-2024. Bent skal á að Eyja- og Miklaholtshreppur er fámennt sveitarfélag og því þarf ekki marga til að svona hlutfall breytist mikið.

Næst á eftir komu Borgarbyggð og Sveitarfélagið Stykkishólmur með rúm 12% í 15. og 16. sæti á landsvísu. Svo kom Snæfellsbær með um 9% og í 27. sæti á landsvísu og því fyrir ofan meðallag. Vægi ferðapjónustu jókst í Snæfellsbæ og Borgarbyggð meðan Sveitarfélagið Stykkishólmur stóð í stað. Grundarfjarðarbær var næstur á eftir Snæfellsbæ í þessari röð á Vesturlandi í 40. sæti á landsvísu. Í Grundarfjarðarbæ byggði um 7% af útsvari sveitarfélagsins á launatekjum sem greiddar voru af ferðapjónustu sem höfðu hækkað ef 2024 er borið saman við 2017-2024. Önnur sveitarfélög á Vesturlandi voru undir 5%. Dalabyggð er þar á meðal og mögulegt að sú tala sé eitthvað vanmetin þar sem sumir bændur í hefðbundnum búskap eru með örlitla ferðapjónustu til viðbótar við þann rekstur.

Farþegaskip hafa verið að koma með ferðamenn á Vesturland t.d. til Grundarfjarðar, Stykkishólmsbæjar og svolítið til Akraneskaupstaðar. Nú þegar hafa breytingar verið gerðar á innheimtu opinberra gjalda fyrir farþegaskip og/eða farþega þeirra sem fela í sér að óhagstæðara verður að sigla til Íslands og dvelja þar í höfnum. Búast má við einhverjum viðbrögðum vegna þessa og fréttir hafa borist af færri bókunum farþegaskipa fyrir sumarið þó ekki liggi fyrir endanleg tala og hvaða hafnir muni tapa mest.


Tafla 1. Vægi ferðapjónustu í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024. Raðað eftir vægi ferðapjónustu 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands

Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletruð)	Röð	2024	2017-2024
Mýrdalshreppur	1	55,5%	49,3%
Skaftárhreppur	2	50,7%	45,9%
Bláskógabyggð	3	37,3%	32,5%
Reykjanesbær	4	30,3%	30,3%
Sveitarfélagið Hornafjörður	5	28,7%	24,6%
Bingeyjarsveit	6	25,8%	25,5%
Eyja- og Miklaholtshreppur	7	23,5%	14,5%
Suðurnesjabær	8	22,2%	22,3%
Ásahreppur	9	19,8%	14,0%
Rangárþing eystra	10	19,1%	16,7%
Grindavíkurbær	11	14,7%	13,3%
Rangárþing ytra	12	13,7%	12,3%
Sveitarfélagið Vogar	13	13,4%	13,2%
Tjörneshreppur	14	13,1%	9,4%
Borgarbyggð	15	12,5%	11,5%
Sveitarfélagið Stykkishólmur	16	12,3%	12,3%
Fljótshlíshreppur	17	12,0%	11,5%
Garðabær	18	11,6%	11,3%
Hrunamannahreppur	19	10,9%	11,5%
Reykjavíkurborg	20	10,6%	10,1%
Seltjarnarnesbær	21	10,4%	9,5%
Hafnarfjarðarkaupstaður	22	10,4%	10,3%
Múlaþing	23	10,1%	9,1%
Kópavogsbær	24	9,9%	9,6%
Svalbarðsstrandarhreppur	25	9,5%	8,5%
Hveragerðisbær	26	9,1%	8,1%
Snæfellsbær	27	9,1%	7,1%
Kaldrananeshreppur	28	8,8%	7,7%
Norðurþing	29	8,6%	8,5%
Húnaþing vestra	30	8,5%	7,9%
Árneshreppur	31	8,4%	6,9%
Akureyrarbær	32	8,2%	7,9%
Sveitarfélagið Árborg	33	8,0%	7,7%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	34	7,9%	7,1%
Eyjafjarðarsveit	35	7,8%	7,3%
Mosfellsbær	36	7,4%	7,5%
Flóahreppur	37	7,3%	8,2%
Vestmannaeyjabær	38	7,3%	5,9%
Fjallabyggð	39	7,0%	6,5%
Grundarfjarðarbær	40	7,0%	6,1%
Hörgársveit	41	6,8%	7,3%
Grímsnes- og Grafingshreppur	42	6,6%	13,0%
Ísafjarðarbær	43	6,0%	5,3%
Sveitarfélagið Ölfus	44	5,6%	5,9%
Súðavíkurbær	45	5,5%	6,2%
Dalvíkurbyggð	46	5,2%	4,9%
Skagafjörður	47	5,1%	4,6%
Strandabyggð	48	4,7%	4,0%
Kjósarhreppur	49	4,6%	5,9%
Dalabyggð	50	4,3%	4,3%
Grýtubakkahreppur	51	4,0%	3,7%
Vesturbyggð	52	4,0%	5,0%
Hvalfjarðarsveit	53	3,6%	4,4%
Húnaþing	54	3,5%	3,2%
Langanesbyggð	55	3,4%	3,0%
Reykholahreppur	56	3,3%	4,6%
Skorradalshreppur	57	3,2%	5,4%
Akraneskaupstaður	58	2,9%	2,8%
Bolungarvíkurkaupstaður	59	2,9%	2,4%
Vopnafjarðarhreppur	60	2,9%	2,2%
Fjarðabyggð	61	2,2%	2,1%
Sveitarfélagið Skagaströnd	62	0,9%	2,0%




Landið allt

Nokkur sveitarfélög á landsbyggðinni eru mjög háð ferðaþjónustu. Þar eru Mýrdals- og Skaftárhreppur í algjörum sérflokki þar sem rekja má rúmlega 50% af útsvarstekjum til ferðaþjónustunnar og hefur hlutfallið verið að aukast (Tafla 1). Næst á eftir koma Bláskógabyggð með 37,3%, Reykjanesbær með 30,3%, Sveitarfélagið Hornafjörður 28,7% og Þingeyjarsveit 25,8%. Mikilvægi ferðaþjónustu hefur aukist í nánast öllum þessum sveitarfélögum. Reykjanesbær býr vel hvað nálægð við öflugan vinnumarkað varðar en hin eru mikið fjær. Vakin er athygli á að Þingeyjarsveit sameinaðist nýlega Skútustaðahreppi en árið 2018 var vægi ferðaþjónustu hæst í Skútustaðahreppi (Vífill Karlsson, 2024, bls. 123) sem rekja má aðallega til Mývatnssveitar. Mývatnssveit er því mjög háð ferðaþjónustu.



Í síðustu Glefsu var dregin upp mynd af íbúapróun sveitarfélaga og vægi fiskvinnslunnar annars vegar og fiskveiða hins vegar. Þá var dregin upp sambærileg mynd fyrir ferðaþjónustuna til samanburðar og verður það gert aftur hér.



Í ljós kom að íbúapróun er hagfelldari í sveitarfélögum þar sem vægi ferðaþjónustunnar er mikið en þar sem hún er minni (Mynd 1), öfugt við sjávarútveg. Trúlega liggur það

í því að uppbygging og vöxtur í ferðaþjónustu hefur verið mikill um langt árabil á meðan sjávarútvegur hefur ekki getað aukið framleiðslu sína lengi nema annað slagið og svo þurft að draga aftur saman síðar.

Til samanburðar að þessu sinni var sambærileg mynd dregin upp á milli íbúapróunar og atvinnugreina menningar (skapandi greina). Leitnilína þar á milli benti til að íbúapróun væri jákvæð í sveitarfélögum þar sem skapandi greinar vigta þyngra en þar sem þær vigta minna. Þó er um veikari fylgni að ræða (lægra R^2) en stuðullinn hærrí (0,3474 í stað 0,1004) sem gæfi til kynna að skapandi greinar stuðluðu að hagfelldari íbúapróun ef líkõnin væru „góð“ en það eru þau ekki. Ákveðið var að láta það fylgja með þó svo það séu engar forsendur til að fullræða nokkuð slíkt hér. Þetta eru því allt grófar vísbendingar.

Athygli vekur að vægi skapandi greina er hæst í þremur sveitarfélögum sem eru öll mjög fámenn: Skorradalshreppur, Fljótaldalshreppur og Kjósarhreppur. Síðan koma Reykjavík og Seltjarnarnes sem eru fjölmennari og svo Ásahreppur sem er fámennur. Skorradalshreppur, Fljótaldalshreppur, Ásahreppur og jafnvel Kjósarhreppur eiga það öll sameiginlegt að hafa óvenju háar tekjur vegna sérstakra aðstæðna eins og stórra vatnsaflsvirkjana eða óvenju margra sumarbústaða.

Ýmsar hugmyndir hafa komið fram varðandi hækkan skatta gagnvart ferðaþjónustu eða að nýjum sköttum verði komið á laggirnar. Í nýlegri skýrslu í samstarfi við Nordregio (Vífill Karlsson og félagar, 2024, bls. 119) voru færð rök fyrir því að grænir skattar af ýmsu tagi muni hafa ólík áhrif á landshluta hérlendis og ein ábendingin gekk út á að flokka áfangastaði hérlendis í ómissandi (e. Must see destinations) og forvitnilega (e. See out of curiosity). Landshlutar með ómissandi áfangastaði verði minna varir við fækkun ferðamanna heldur en landshlutar með eingöngu forvitnilega áfangastaði. Síðan voru færð rök fyrir því að síðarnefndu áfangastaðirnir væru hlutfallslega fleiri eftir því sem fjær drægi höfuðborgarsvæðinu og þau landsvæði því líklegri til að verða vör við fækkun ferðamanna vegna sumra skattahækkana en þau sem nær væru.

Takmarkanir

Bent skal á takmarkanir gagnanna sem komið hafa fram í síðustu tveimur Glefsum.

Heimildir

Vífill Karlsson, Bjarki Þór Grönfeldt & Hrafnhildur Tryggvadóttir. (2024). Tourism in Iceland and green transition í H. Flam & N. S. Gassen (Ritstj.), *Regional economic effects of the green transition in the Nordic Region* (bls. 98-134). Stockholm: Nordregio.